

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

3. tbl. 4. árg.

6. mars 2026



Myndin hér að ofan er tekin að morgni 5. mars síðastliðinn þar sem starfsmenn áhaldahúss sinnu snjómokstri á höfninni í Stykkishólmi, en það sem af er vetri hefur lítið farið fyrir snjómokstri í Hólminum. Til samanburðar hafði sveitarfélagið á þessum tíma í fyrra varið tæpum tíu milljónum í snjómokstur en þennan vetur nær upphæðin ekki einni milljón enn sem komið er.

Bæjarstjórn samþykkti styrkveitingar

Bæjarstjórn Stykkishólms auglýsti þann 28. janúar, eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur um styrkveitingar. Umsóknarfrestur var til og með 18. febrúar. Á

45. fundi bæjarstjórnar voru lagðar eru fram styrkumsóknir sem bærust á auglýstum tíma og samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi styrkveitingar:
Leikfélagið Grímnir hlaut kr. 100.000 til

smærri viðburða. Eyrbyggjusögufélagið hlaut kr. 100.000 til viðburða. Yoga/vellíðunarstúdíó hlaut kr. 150.000 í aðstöðustyrk. Kerlingarskarðshlaup hlaut kr. 50.000 ásamt því að þátttakendur fá frítt í sund.

Júlíana - hátíð 2026 hlaut kr. 100.000 til hátíðarinnar. Heima í Hólmi 2026 hlaut kr. 100.000 til hátíðarinnar og píludeild Mostra hlaut kr.100.000 til kaupa á píluspjöldum og öðrum búnaði til píluíðkunar.

Júlíana – hátíð sögu og bóka fer fram í þrettánda sinn



Hótel Egilsen, þar sem hjarta Júlíönuhátíðarinnar slær.

Júlíana - Hátíð sögu og bóka fer fram í þrettánda sinn dagana 19. - 21. mars 2026. Hátíðin var fyrst haldin árið 2013 og er nú orðin rótgróin

liður í lista- og menningarlífi Hólmará. Sem fyrr verður metnaðarfull dagskrá í boði þar sem rithöfundar, ljóðskáld og fleiri lista-

menn stíga á stökk. Nú í ár eiga bækur Júlíönu Jónsdóttur, sem hátíðin er kennd við, stórafmæli. Bókin *Stúlka* kom út árið 1876 eða fyrir 150

árum síðan. Töluverðu síðar, eða árið 1916, kom út bókin *Hagalagðar* í Winnipeg í Kanada, eftir að Júlíana fluttist til Vesturheims, en sú bók kom því út fyrir 110 árum. Af þessu tilefni fékk Gréta Sig Bjargardóttir, stofnandi Júlíönuhátíðar, Forlagið til að gefa út ljóðasafn Júlíönu í einu bindi. Ljóðin bera aldurinn vel og vitna um gáfur, seiglu og skopskyn Júlíönu sem var vinnukona frá ungaaldri og hlaut enga formlega skólagöngu. Bókin verður fánleg á hátíðinni í ár og verður henni sérstaklega fagnað í safnaðarheimilinu í Stykkishólmskirkju kl. 16:00 föstudaginn 20. mars. Dagskrá hátíðarinnar liggur nú fyrir en hana má m.a. finna á fésbókarsíðu hátíðarinnar.

Vel heppnuð hræðileg helgi



Hræðileg helgi fór fram í fjórða sinn 13. og 14. febrúar. Dagskrá hátíðarinnar var þétt en meðal annars var boðið upp á morðgátu í Tónlistarskóla Stykkishólms, þar sem áhugasamir gátu skoðað morðvet-

tvang og reynt fyrir sér er rannsakendur glæpa. Hræðileg helgi í Hólminum hefur vakið mikla lukku undanfarin ár en hátíðin verður haldin í fimmta sinn 12. og 13. febrúar 2027.

Íbúum fjölgar í Víkurhverfi



Brák íbúðafélag hses. auglýsti fyrir skemmstu íbúðir lausar til leigu að Bauluvík 2, Stykkishólmi. Íbúar sveitarfélagsins og aðrir áhugasamir voru boðnir velkomnir á opið hús miðvikudaginn 4. febrúar þar sem

íbúðirnar voru til sýnis. Á annað hundarð manns mættu. Umsóknarfrestur var til og með 11. febrúar og er búið er að ganga frá samningum við leigjendur að öllum íbúðum og hafa nú þegar fyrstu íbúar flutt inn.

Íbúafundur 12. mars vegna aðalskipulags



Íbúafundur fer fram fimmtudaginn 12. mars í Félagsheimilinu Skildi.

Líkt og kynnt var á íbúafundi 8. desember 2025 er nú unnið að nýju aðalskipulagi fyrir Sveitarfélagið Stykkishólm, það fyrsta fyrir sameinað sveitarfélag. Í aðalskipulaginu verður mörkuð framtíðarstefna sveitarfélagsins í þróun þéttbýlis og dreifbýlis. Á íbúafundinum, sem fram fór á Höfðaborg þann 8. desember sl.,

kynnti fulltrúi Alta, fyrirtækisins sem leiðir vinnuna, vinnuferla við mótun nýs aðalskipulags og nálgun við stefnumótun. Bæjarstjórn samþykkti lýsingu fyrir skipulagsverkefnið á fundi sínum 26. febrúar sl. og hefur hún verið birt í Skipulagsgátt með umsagnarfresti til 7. apríl 2026. Tilgangur lýsingar er að kynna fyrir íbúum

og öðrum hagsmunaaðilum hvernig staðið verður að skipulagsvinnunni og hver eru helstu viðfangsefni. Allir hagaðilar eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og senda sínar ábendingar um efni hennar, annað hvort í Skipulagsgátt eða til skipulag@stykkisholmur.is, til að tryggja að verkefnið nái yfir umhverfis- og skipulag-

smál sem á þeim brenna.

Íbúafundur á Skildi

Kynningar- og umræðufundur um lýsinguna og stefnumótun sveitarfélagsins verður í Félagsheimilinu Skildi þann 12. mars kl. 17:00. Þar gefst tækifæri til að spyrja út í aðalskipulagsverkefnið og ræða viðfangsefni í umhverfis- og skipulagsmálum. Samhliða kynningu lýsingar fyrir mótun nýs aðalskipulags er birt vefkönnun til íbúa annarsvegar og landeigenda/ábúenda hinsvegar. Könnuninum er ætlað að draga fram upplýsingar og sjónarmið um helstu viðfangsefni aðalskipulags. Óskað er eftir að svör berist fyrir 7. apríl 2026. Ábendingar og svör verða tekin til umfjöllunar skipulagsnefndar í næstu áföngum verkefnisins.

Mikið fjör á öskudaginn



Sungið fyrir utan Ráðhúsið á öskudaginn.

Öskudagurinn fór fram með hefðbundnu sniði þriðjudaginn 18. febrúar síðastiðinn. Venju samkvæmt fór fjölmenn öskudagsganga frá Tónlistarskóla Stykkishólms og sungu börnin við hinar ýmsu stofnanir og fyrirtæki í bænum og fengu sælgæti að launum. Að þessu sinni voru það Magnús Bæringsson og Hafþór Guðmundsson sem

leiddu gönguna en þeir fengu aðstoð við sönginn frá Bæring Nóa Dagssyni sem nýverid sigráði í söngkeppni Menntaskólans á Akureyri og fór því létt með að leiða sönginn í Stykkishólmi í ár.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Sveitarfélagið Stykkishólmur og Aftanskin undirrita samkomulag um Samkomuhúsið

Sveitarfélagið Stykkishólmur og Aftanskin, félag eldri borgara í Stykkishólmi, undirrituðu nú á dögunum samning um afnot Samkomuhússins við Aðal götu 6.

Bæjarstjórn samþykkti samninginn á 45. fundi sínum, fimmtudaginn 26. febrúar. Í afgreiðslu bæjarstjórnar er kveðið á um að óháð og fagleg úttekt fari fram áður en starfsemi hefst og að staðfest verði að loftgæði séu ekki heilsuspillandi, ásamt reglulegri eftirfylgni.

Unnið er nú að aðgerðum sem tryggja góð loftgæði í húsnæðinu, m.a. með öfluggu loftskiptakerfi með varmaendurvinnslu í almannarýmum og útsogi í kjallara með röraviftu. Því til viðbótar verða nýttar lausnir frá fyrirtæki sem sérhæfir sig í sótthreinsun og lofthreinsilausnum, m.a. með aðferðum sem miða að því að drepa örverur í lofti og á yfirborðum. Sveitarfélagið hefur áður nýtt slíka þjónustu með góðum árangri í öðrum mannvirkjum.

Með samningnum er stigið mikilvægt skref í því að finna húsinu hlutverk við hæfi og vinna markvisst að því að koma því aftur í samfélagslega notkun. Samkomuhúsið



Hanna Jónsdóttir, formaður Aftanskins, og Jakob Björgvin, bæjarstjóri, undirrita samninginn eftir samverustund og hádegisverð Aftanskins í Stykkishólmskirkju.

er órjúfanlegur hluti af sögu og sjálfsmynd Stykkishólms og hefur um áratugaskeið verið vettvangur samkomu, menningarstarfs og félagslífs bæjarbúa.

Menningarlegt gildi hússins

Samkomuhúsið gegndi um langt árabíl mikilvægu hlutverki í samfélagslífi bæjarins. Þar fóru fram leiksýningar, dansleikir, fundir, tónleikar, félagsmiðstöð fyrir unglina og fjölbreytt menningarstarf sem mótaði kynslóðir Hólmara. Þá var þar rekið Eldfjallasafn þar til eigandi safnsins ákvað að flytja það úr sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið hefur jafnframt um árabíl unnið að því að fin-

na húsinu framtíðarhlutverk, m.a. með samtölum, greiningum á ástandi, kostnaðarmati og möguleikum til endurbyggingar. Þetta endurspeglast m.a. í fundargerðum sveitarfélagsins. Ljóst hefur verið að húsið þarfnast umfangsmikilla úrbóta til lengri tíma litið, en á sama tíma hefur verið vilji til staðar að láta það ekki standa autt og ónýtt til lengri tíma.

Verkefnið sem nú er hafið er því hluti af lengra ferli sem miðar að því að varðveita og endurvefja samfélagslega nýtingu á húsnæðinu.

Stefnumörkun í fjárhagsáætlun 2026

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2026, sem samþykkt var í de-

sember 2025, var gert ráð fyrir því að ráðast í verkefni sem miðar að því að reyna að koma húsinu aftur í samfélagslega notkun. Þar var stefnt að því að gera tilraun til að blása lífi í húsnæðið að nýju.

Þótt samstarf við Aftanskin hafi þá ekki verið fullmótað var ljóst að áhugi og frumkvæði félagsmanna Aftanskin skipaði stórt hlutverk í þeirri stefnumótun. Undanfarið hefur verið unnið að undirbúningi húsnæðisins á grundvelli þessarar ákvörðunar bæjarstjórnar.

Frumkvæðið að verkefninu og krafturinn að baki því kom af hálfu fulltrúa og félagsmanna Aftanskin. Sveitarfélagið vill þakka þeim sérstaklega fyrir áhuga sinn og framlag, enda hefur það

lengi verið markmið sveitarfélagsins að finna húsinu nýjan samfélagslegan tilgang og bindur sveitarfélagið vonir við að með þessu tilraunarverkefni verði tekið fyrsta skrefið í þessum efnunum.

Áfangaskipt tilraunaverkefni

Verkefnið byggir á frumkvæði og áhuga sjálfbodaliða innan sveitarfélagsins og felur í sér að unnið verði að úrbótum í áföngum. Áhersla verður lögð á að ráðast í framkvæmdir í smærri skrefum samhliða undirbúningi og skipulagi umfangsmeiri endurbyggingar til framtíðar. Um er að ræða áfangaskipt tilraunaverkefni þar sem markmiðið er að kanna hvort unnt sé að koma húsnæðinu í takmarkaða og örugga notkun á meðan unnið er að undirbúningi stærri framkvæmda. Reynslan af þessu ferli

mun nýtast við áframhaldandi ákvarðanatöku um framtíð hússins. Samhliða þessu verður ráðist í markvissar aðgerðir til að bæta loftgæði í húsnæðinu. Líkt fram kemur hér að ofan verður annars vegar sett upp öflugt loftskiptikerfi í almannarýmum sem tryggir virk og stöðug loftskipti og hins vegar útsog úr kjallara og undan gólfi með röraviftu til að viðhalda undirþrýstingi og draga úr líkum á að loft berist þaðan upp í rýmin. Jafnframt verður unnið með sérfræðingum að aðgerðum sem miða að því að útrýma óæskilegum myglusveppagróum og öðrum efnunum úr loftinu og á að tryggja heilbrigðari innivist og bætt loftgæði. Það má líta á verkefnið sem upphaf nýs kafla í sögu Samkomuhússins, þar sem samfélagið sjálft tekur þátt að nýju við að móta framtíð þess.

Skilyrði um óháða úttekt og reglulegt eftirlit

Heilsa og öryggi íbúa eru í forgangi af hálfu sveitarfélagsins. Bæjarstjórn samþykkti samninginn fimmtudaginn 26. febrúar sl. með því skilyrði að óháð og fagleg úttekt fari fram áður en nokkur starfsemi hefst og að staðfest verði að loftgæði í húsnæðinu séu fullnægjandi og valdi ekki heilsutjóni. Við mat á loftgæðum skal meðal annars byggt á fyrirliggjandi skýrslum og gögnum um ástand húsnæðisins, sem fylgja samningnum sem fylgiskjöl, og skal úttekt taka mið af þeim athugasemdum og ráðleggingum sem þar koma fram. Þá er gert ráð fyrir úttekt að nýju innan hæfilegs tíma frá því að starfsemi hefst og reglulegu eftirliti í framhaldinu í samræmi við ráðleggingar sérfræðinga og ákvarðanir sveit-

arfélagsins hverju sinni. Sveitarfélaginu er m.a. heimilt að fresta eða stöðva starfsemi tíma-bundið ef niðurstöður úttektar eða eftirlits gefa tilefni til, þar til fullnægjandi úrbætur hafa farið fram.

Með þessu er ekki verið að líta fram hjá fyrri skýrslum um ástand hússins, heldur brugðist við þeim með ábyrgum hætti og sett fram skilyrði sem tryggja að notkun húsnæðisins byggji á faglegu mati og reglulegri eftirfylgni.

Fyrsta skref í lengra ferli

Af hálfu sveitarfélagsins er vilji til staðar að nýta kraft samfélagsins til góðra verka. Takist að koma húsnæðinu í nothæft og öruggt ástand er það mjög jákvætt skref fyrir bæinn og sveitarfélagið allt. Þá má jafnframt líta á verkefnið sem mögulegt fyrsta skref í heildarendurbyggingu hússins til lengri tíma.

Það sem er einna helst jákvætt við verkefnið er að hér er verið að finna Samkomuhúsinu hlutverk við hæfi í gegnum samfélagsverkefni sem byggir á samstarfi, samvinnu og frumkvæði innan sveitarfélagsins. Með því skapast forsendur fyrir því að Samkomuhúsið verði á ný virkur og lifandi hluti af samfélagslífi Stykkishólms.



Unnið er nú að því að setja upp loftskiptakerfi í húsinu eins og sjá má framan á húsi.

Afmælishátíð skólastarfs í Stykkishólmi



Fjöldi fólks kikti við í skólanum og bragðaði á afmælistertu í tilefni þessa merku tímamóta skólastarfs í Stykkishólmi.

Þriðjudaginn 24. febrúar síðastliðinn var merku tímamótum í sögu skólahalds í Stykkishólmi fagnað. En á þessu ári eru liðin 130 ár frá því að rekstur barnaskó-

la hófst í Stykkishólmi, eftir byggingu fyrsta skólahússins árið 1896. Í fyrra voru liðin 90 ár frá því að Barnaskólinn í Stykkishólmi við Skólastíg var tekinn í

notkun (1935), bygging sem í dag hýsir Tónlistarskóla Stykkishólms, og 40 ár liðin frá vígslu núverandi skólabyggingar grunnskólans

við Borgarbraut. Af þessum merku tilefnum var boðið í opið hús í Grunnskólanum í Stykkishólmi. Þar gafst gestum og gangandi tækifæri til að kynna sér nýja innviði og aðstöðu fyrir skóla- og frístundastarf í Stykkishólmi og jafnframt minnst hinnar merkilegu sögu skólahalds í Stykkishólmi. Búið var að stilla upp gömlum myndum og myndaalbúnum sem gestir gátu flett í og þá höfðu nemendur einnig unnið verkefni í tengslum við afmælishátíðina og hengt upp á veggi skólans. Fjöldi fólks gerði sér ferð í skólann og fagnaði þessum merku tímamótum.

Tiltekt á Reitarvegi



Eigendur lausamuna eru hvattir til að taka þátt í hreinsunarátaki.

Sveitarfélagið Stykkishólmur stendur nú fyrir hreinsunarátaki og hvetur eigendur lausamuna á Reitarvegi

til að taka þátt í hreinsun á svæðinu. Í lok febrúar var gám komið fyrir á svæðinu þar sem hægt er að henda járn.

Átakið fylgir í kjölfar vel heppnaðrar tiltekta á hafnarsvæði við Skipavík, þar sem íbúar og fyrirtæki á svæðinu tóku

höndum saman við að hreinsa svæðið. Tiltektin var afar vel heppnuð og skilaði bæði hreina umhverfi og aukinni ánægju íbúa og fyrirtækja á svæðinu. Gámurinn er eingöngu ætlaður undir járn og var auglýst að hann yrði fjarlægður af svæðinu eftir 9. mars. Sveitarfélagið hvetur þá sem eiga lausamuni á Reitarvegi til að nýta sér gáminn og leggja sitt af mörkum til að hreinsa svæðið. Fyrirhugað er að ráðast í sambærilega hreinsun á fleiri atvinnusvæðum á næstunni.

Söngkeppni SamVest haldin í Stykkishólmi



Fréttaritari leit við í íþróttamiðstöðinni á fimmtudeginum þegar keppendur voru að æfa fyrir kvöldið.


Söngkeppni SamVest 2026, undankeppni Vesturlands fyrir söngkeppni Samfés, fór fram í Íþróttamiðstöð Stykkishólms fimmtudaginn 5. mars síðastliðinn. Keppnin er haldin fyrir félagsmiðstöðvar á Vesturlandi og Vesfjörðum ár hvert og skiptast félagsmiðstöðvarnar á að halda viðburðinn.

Keppnin er undankeppni fyrir söngkeppni Samfés sem er fyrirhuguð 9. maí í Laugardalshöll. Félagsmiðstöðin X-ið sá um undirbúning keppninnar í ár og tókst vel til. Tíu atriði tóku þátt í keppninni og var það Kristbjörg María Álfgeirsdóttir sem söng fyrir hönd heimamanna. Kristbjörg réðst ekki

á garðinn þar sem hann er lægstur en hún tók lagið Snow White eftir Laufey og stóð sig með miklu prýði. Það var hins vegar Kristbjörg Ragney Eiríksdóttir, frá Félagsmiðstöðinni Óðal í Borgarnesi, sem hafði sigur úr bitum í ár og keppir fyrir hönd Vesturlands og Vestfjarða í Söngkeppni Samfés

9. maí næstkomandi. Að söngkeppni lokinni fór fram glæsilegt ball þar sem DJ Sakki og Partývélin héldu uppi stuðinu. Að sögn Magnúsar Inga, íþrótt- og tómstundafulltrúa, gekk viðburðurinn vel fyrir sig og ekki annað að sjá en ungmennin hafi skemmt sér konunglega.

Karлакórinn Fóstbræður í Hólminum



Karлакórinn Fóstbræður syngur í Stykkishólmskirkju.























Karлакórinn Fóstbræður bregður undir sig betri fætinum og sækir Hólminn heim laugardaginn 7. mars. Kórinn verður með tónleika í Stykkishólmskirkju kl. 17:00 laugardaginn 7. mars sem ber yfirskriftina *Við haf og heiðan himin*. Á tónleikunum kennir ýmissa grasa en kórinn leitar jafnt í smíðjur íslenskra sem erlendra höfunda og


flytur ýmsar karlakóra perlur í bland við nýleg verk samtíma höfunda. Aðgangur er ókeypis en tekið við frjálsum fram-lögum til kirkjunnar sem stefnir á endurnýjun ljósabúnaðar. Hólmars sem ber yfirskriftina *Við haf og heiðan himin*. Á tónleikunum kennir ýmissa grasa en kórinn leitar jafnt í smíðjur íslenskra sem erlendra höfunda og



Félagsstarf 60+ í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, vor 2026



Mán.	Pri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.
10:00-12:00 Höfðaborg-Setrið Kaffispjall 	10:00-11:00 Höfðaborg-Setrið Karlakaffi 	10:30-11:30 Íþróttamiðstöð Ræktin 	10:00-11:00 Höfðaborg-Setrið Karlakaffi 	08:30-09:30 Íþróttamiðstöð Ræktin 		
	11:15-11:45 Höfðaborg-Setrið Stólaleikfimi 	11:00-11:45 Höfðaborg-Stofa Slökun 	11:45-11:45 Höfðaborg-Setrið Stólaleikfimi 	11:00-11:45 Höfðaborg-Stofa Létt boccia 		11:00-13:00 * Höfðaborg Skák 
	12:30-13:20 Íþróttamiðstöð Hópatími 		12:50-13:40 Íþróttamiðstöð Hópatími 			
13:00 Höfðaborg-Setrið Karlar í þrjóni 	13:00-16:00 * Höfðaborg-Setrið Saumó 	13:00-16:00 Höfðaborg-Setrið Handavinna 	16:00 Sundlaug Létt sundleikfimi 	13:00 Höfðaborg-Setrið Samsöngur 	14:00 Setrið * Höfðaborg Spil 	
19:30 Höfðaborg Pítró 	17:00-21:00 * Höfðaborg-Setrið Stykkið 	14:00 Höfðaborg Netagerð 	20:00 Sundlaug Flot 			

Morgunbolli: Alla virka daga, í matsal Höfðaborgar, kl. 9-10. 

Kirkjusúpa: Fyrsta mán. hvers mánaðar. Mæting kl. 11:30. **Flot:** Skráning í hvern tíma á fb-síðunni „FLOT – Stykkishólmi“.

Stykkið: (Bútasamur), hittast annan hvern þrið. **Flot:** Lágmarkspáttaka þrjár í hvern tíma, almennt sundgíald.

Létt sundleik: Eykur hreyfigetu, æfir jafnvægi og grunnstyrk. Á vegum sjúkrabjálfa (Ann, Ella, Lucia). Borgun til þeirra.

Ath. Opið öllum er stjórnumerkt *